

Móttakið frá stjórnvaldi  
15. FEB. 2022  
UMBODSMAÐUR ALÞINGIS



Stjórnarráð Íslands  
Menningar- og  
viðskiptaráðuneytið

Umboðsmaður Alþingis  
Templarasundi 5  
150 REYKJAVÍK

mvf@mvf.is  
545 9700

Skúlagötu 4,  
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavík 10. febrúar 2022  
Tilv.: MVF22020202/00.02

Efni: Svar við bréfi umboðsmanns Alþingis frá 1. febrúar sl.

Vísað er til bréfs umboðsmanns Alþingis, dags. 1. febrúar sl., þar sem óskað er skýringa á því á hvaða lagagrundvelli ákvörðun ráðherra um að skipa Skúla Eggert Þórðarson, fyrrum ríkisendurskoðanda, í embætti ráðuneytisstjóra án auglýsingar var reist, með hliðsjón af ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Jafnframt kemur fram að hafi ákvörðunin verið reist á ákvæði 1. mgr. 36. gr. laganna sé þess óskað að gerð yrði grein fyrir því hvaða forsendur og lagasjónarmið byggju þar að baki.

Í bréfi umboðsmanns er vísað til fréttar á vefsíðu Stjórnarráðsins frá 27. janúar sl. þar sem greint var frá því að Skúli Eggert yrði skipaður ráðuneytisstjóri nýs menningar- og viðskiptaráðuneytis sem tæki til starfa 1. febrúar 2022. Í bréfinu kemur fram sú ályktun að tilkynningin beri með sér að flutningur og skipun Skúla Eggerts í embætti ráðuneytisstjóra hafi verið reist á síðari málsli. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 70/1996, en þar kemur fram að stjórnvald, sem skipað hefur mann í embætti, geti samþykkt að hann flytjist í annað embætti er lýtur öðru stjórnvaldi, enda óski það stjórnvald eftir því. Þá er í bréfinu vikið að heimild 1. mgr. 7. gr. laganna um flutning embættismanns úr einu embætti í annað án undangenginnar auglýsingar og tengslum ákvæðisins við 1. mgr. 36. gr. laganna og lögskýringargögnum þar að baki. Þá kemur fram að Skúli Eggert hafi verið kosinn af Alþingi í embætti ríkisendurskoðanda þann 16. apríl 2018 í samræmi við 1. málsli. 2. gr. laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016. Samkvæmt 1. gr. laganna starfi ríkisendurskoðandi á vegum Alþingis, sé trúnaðarmaður þess og ábyrgur gagnvart því við endurskoðun og eftirlit með rekstri og fjármálum ríkisins. Ríkisendurskoðandi sé embættismaður, sbr. 1. tölul. 22. gr. laga nr. 70/1996, en heyrir hins vegar lagalega undir Alþingi og sé sjálfstæður og engum háður í störfum sínum, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 46/2016.

Í málinu liggur fyrir bréf fyrrum ríkisendurskoðanda til forseta Alþingis, dags. 25. janúar sl., þar sem hann óskaði eftir því að vera fluttur úr embætti ríkisendurskoðanda í embætti ráðuneytisstjóra í menningar- og viðskiptaráðuneytinu, bréf ráðherra til forseta Alþingis, dags. 27. janúar sl., þar sem ráðherra óskaði eftir því að fyrrum ríkisendurskoðandi yrði fluttur í embætti ráðuneytisstjóra með vísan til 36. gr. starfsmannalaga, og bréf forseta Alþingis til ráðherra, dags. 27. janúar sl., þar sem fallist var á ósk ráðherra um flutninginn með vísan til samþykkis fyrrum ríkisendurskoðanda. Þá liggur einnig fyrir minnisblað skrifstofu Alþingis til forseta Alþingis, dags. 2. febrúar sl., sem birt er á vef þingsins.